



VILLIDÝRASAFN MOSFELLSBÆJAR

Í tilefni 25 ára afmælis Mosfellsbæjar lýsir bæjarfélagið því hér með yfir að ganga til samstarfs um stofnun Villidýrasafns í Mosfellsbæ í samvinnu við Kristján Vídalín Óskarsson, Akurholti 3 hér í bæ. Um nokkurt skeið hefur Kristján vakið athygli bæjarfélagsins á safni sínu af villtum og uppstoppuðum dýrum sem fáséð eru hér á landi.

Kristján Vídalín er skotveiðimaður og hefur um árabil veitt villt dýr erlendis, bæði í Asíu, Afríku, Ástralíu og víðar. Dýrasafn hans samanstendur af nokkrum tegundum antilópa, fíl, nashyrning, ljón og ljónynju, strúti svo eitthvað sé nefnt. Safn hans er það umfangsmikið að vandi hefur verið að skjóta yfir það skjólshúsi. Við skoðun á gripunum kemur í ljós að flest dýranna eru ákaflega vel uppstoppuð og reynt hefur verið að leggja grunn að umgjörð sem sýnir dýrin sem væru þau lifandi og í veiðihug eða á flótta.





VILJAYFIRLÝSING

Mosfellsbær og Kristján Vídalín Óskarsson gera með sér viljayfirlýsingu að vinna að því í samvinnu að nýta náttúrugripi svo almenningur geti notið þeirra, sér til ánægju og fróðleiks.

Mosfellsbær lýsir yfir vilja til að koma að uppsetningu á Villidýrasafni. Kristján lýsir yfir vilja til að leggja safninu til öll sín dýr.

Lagt er til að leitað verði að sem heppilegustu rými fyrir safn að þessu tagi hér í Mosfellsbæ.

Mosfellsbær og Kristján Vídalín eru sammála um að æskilegasta staðsetning fyrir Villidýrasafn til framtíðar sé í Ævintýragarðinum.

